

Hafnir Múlaþings

Djúpavogshöfn

Gjaldskrá 2021

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Djúpavogshöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum.

Um gjaldtöku, er tengist stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miðað við brúttótonnatölu skipa (BT) samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafna Múlaþings ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld:

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 16,28 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftari en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld:

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða samkvæmt eftirfarandi: Skip við bryggju kr. 8,66 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið, hámark 13 sinnum í mánuði.

Farþegaskip, sem liggja við ankeri, en nota flotbryggju, skulu greiða kr. 4,17 á mælieiningu.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald,

Bátar yfir 20 brt aldeil lægra en kr. 23.225.

Bátar 10-20 brt aldrei lægra en kr. 13,857.

Bátar 8-10 br. aldrei lægra en kr. 10.531

Bátar yfir 6 metrar en undir 8 brt aldrei lægra en kr. 7071.

Bátar yfir 6 metrar að lágmarki kr 1670 fyrir einstaka komu.

Bátar undir 6 metrar aldrei lægra en kr 5.300

Bátar sem liggja á fingri kr 11.150 á mánuði

Skútur og skemmtibátar sem koma til hafnar greiði 10 evrur (1.500 kr) á dag

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum vegna álagningar vörugjalda til hafnarinnar.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Farþegagjöld.

7.gr.

Fyrir hvern farþega með farþegabátum og skemmtiferðaskipum skal greiða kr.175.

Heima farþegabátar kr 125 á hvern farþega.

Skemmtiferðaskip skulu skila inn farþegalistum, minnst einum sólarhring fyrir komu, en farþegabátar með áætlunarsiglingar til og frá Djúpavogshöfn skila inn gögnum um fjölda farþega mánaðarlega.

8.gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálftrögjald. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fulltrögjald, þegar vörurnar eru fluttar í land.

9.gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

10. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

11.gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá:

1.fl.: Gjald kr. 352 fyrir hvert tonn:

Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluólfur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2.fl.: Gjald kr. 492 fyrir hvert tonn:

Lýsi, fiskimjöl og fóður til fiskeldis. (Sama á við um umskipun við bryggju)

3.fl.: Gjald kr. 641 fyrir hvert tonn:

Pungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsólfur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.

4.fl.: Gjald kr. 1.384 fyrir hvert tonn:

Aðrar vörur, sem ekki eru tilgreindar í 1.–3. fl.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjöld greiðast ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðist eigendur með sama skipi.

5.fl.: Gjald 1,60% af heildaraflaverðmæti:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti landsetts afla..

Gjald af frystum afla frystitogara reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Kaupandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er kr. 6.953 fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 260 fyrir hvert tonn.

Leiga á gámasvæði, geymsla veiðarfæra.

12.gr. Leiga

fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malarsvæði pr. m² kr. 55 á mánuði.

Geymsla á malbikuðu/steyptu svæði pr. m² kr. 110 á mánuði.

Geymsla á veiðarfærum á hafnarköntum. Frítt fyrstu vikuna, síðan kr. 4.300 pr. fyrir hvern sólarhring.

Geymslugjald á 20 feta gámi kr. 2.800 pr. mán.

Geymslugjald á 40 feta gámi kr. 5.600 pr. mán.

Geymslugjald á 20 feta frystigámi kr. 2.800 pr. mán. + rafmagn.

Geymslugjald á 40 feta frystigámi kr. 5.600 pr. mán. + rafmagn.

Úrgangs og förgunargjald /sorphirða

13.gr

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33 frá 2004 og reglugerð nr. 1200 frá 2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land.

Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Djúpavogshöfn. taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 24 klst fyrir komu til hafnar.

Skip sem falla utan gr.11.c í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr.33/2004 skulu greiða þjónustuaðila kosnað vegna móttöku og förgun á úrgangi

Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal greitt fyrir þjónustuna, fyrir hvern rúmmetra eða þyngd í kg.

Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnaðauka umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur

Ef kalla þarf til sértækan aðila greiðir skip kostnað sem til fellur vegna þess

Förgunargjald: Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 11.301 á hvern rúmmetra og lágmarksgjald er tekið fyrir einn rúmmetra óháð því hvort úrgangi er skilað í land. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar. •

Förgunargjald: Skip sem undanþegin eru samkvæmt gr 11.c lög 33/2004. skulu greiða mánaðargjald lágmark eða eftir vigtun.

Almennt sorpgjald, stærð skips < 10 tonn kr. 755 mán.

Almennt sorpgjald, stærð skips 10-100 tonn kr. 3210 mán.

Almennt sorpgjald, stærð skips > 100 tonn kr. 5050 mán.

sérferðir á flokkunarstöð er greidd af viðkomandi. Kílógjald kr. 23,50

Fyrir sorp sem er vigtað er rukkað kílóagjald.

Gjald fyrir sorphirðu er kr. 7,150 fyrir hverja afgreiðslu.

Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

Hafnsögugjöld.

14.gr.

Ekki er hafnsöguskylda í Djúpavogshöfn en ef óskað er eftir slíkri þjónustu er greitt samkvæmt gjaldskrá

- a) Fyrir leiðsögn til hafna, að bólvirki eða lægi kr. 5.775 fyrir hvert skip, auk kr. 7,98 fyrir hvert brúttótonn. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfn greiðist sama gjald. b) Fyrir flutning á lóðs, hver ferð kr. 42.500. Sama gjald fyrir Lóðs 42.500
- c) Ef óskað er eftir bát (Vinnubát) til aðstoðar við komu eða brottför út af hafnarsvæðinu, skal greiða Að lágmarki kr 65.000 fyrir hverja byrjaða klst..
- d) Fyrir leiðsögn um höfn skal greiða hálf gjald skv. A-lið.
- Ef skipstjóri skips hefur hafnsöguréttindi og hafnsögumaður fer ekki um borð skv. Ákvörðun hafnarstjórnar, er veittur 25% afsláttur af hafnsögugjaldi.

Festargjöld.

15.gr.

Festargjald fyrir hverja afgreiðslu er kr. 11.500. Séu fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann kr. 11.500.

Vatnssala.

16.gr.

Vatnsgjöld:

Vatn afgreitt frá bryggju:

Kalt vatn. Rúmmetraverð kr.375, lágmark 10 m³.

Afgreiðsla utan dagvinnutíma, pr. klst. Kr 7.150 til viðbótar gjaldskrá.

Vigtargjald.

17.gr.

Almenn vigtun kr. 177,58 á tonn

Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun kr. 1065,49

Vigtun flutningabifreiða, fast gjald kr. 1881

Gjald vegna dagvinnu við vigtun kr. 4.310

Gjald vegna yfirvinnu við vigtun Kr 7150

Skráningargjald afla kr. 105,60 pr. tonn

Kranagjald: Löndun með hafnarkrana kr. 317,49 pr. tonn.

Opnunartími hafnar er frá 08.00-18.00 virka daga. Lokað milli 12.00-13.00

Komi bátar utan opnunartíma greiðist að lágmarki tveggja tíma gjald vegna yfirvinnu. Vegna útkalls utan opnunartíma og um helgar eru greiddir að lágmarki fjórir tímar.

Gámaleiga

18 .gr

Rafmagnssala.

19.gr.

Gámar kr. 19,6 kwst.

Til skipa kr. 19,6 kwst.

Mælaleiga, árgjald kr. 5.357 kr

Hafnarstjóri hefur heimild til að krefjast tryggingar v/mælaleigu, allt að kr. 63.000 sem er innheimtanlegt ef mælir skemmist sannanlega hjá leigutaka.

Tengigjald: Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald kr. 7.331.

Móttaka skipa sem falla undir ISPS-kóða.

20.gr.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu kr. 40,530.

Öryggisgæsla pr. Öryggisvörð í dagvinnu kr. 4.310. Öryggisgjald pr. Öryggisvörð í yfirvinnu kr. 7,150.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

21.gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

22.gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til Hafna Múlaþings vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema að hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

23.gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða koma á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema um annað sé sérstaklega samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

24.gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Djúpavogshöfn er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

25.gr.


Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Höfnum Múlaþings er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

25.gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Djúpavogshöfn er samþykkt af umhverfis- og framkvæmdaráði þann 16. desember 2020, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er samþykkt var þann 11. desember 2019.

Múlaþing 23. desember 2020



Björn Ingimarsson, sveitarstjóri / þannarstjóri Múlaþings